



Veðurstofa Íslands Greinargerð

Þorsteinn Sæmundsson

**Grjóthrun í Stóru skriðu í Óshyrnu,
þann 30. júní 1998**

VÍ-G98025-ÚR20
Reykjavík
Júlí 1998

Inngangur

Þann 30. júní 1998 varð grjóthrun í Óshlíð, í svonefndri Stóru skriðu fyrir innan Sporhamar. Hrunið átti sér stað rétt fyrir klukkan ellefu um kvöldið. Oddur Pétursson og Þorsteinn Sæmundsson voru staddir beint út af Óshlíðinni og horfðu á þegar grjótið hrundi niður. Talsverðir skruðningar fylgdu hruninu.

Hrunið átti sér stað í svonefndri Stóru skriðu en hún er staðsett í norðanverðri Óshyrnu, eða Óshorni eins og það er stundum nefnt. Líklegt er að berg hafi losnað frá í efstu brún fjallsins í eystri brún skorunnar, fallið niður gilskoruna sem nær upp í topp fjallsins og skollið síðan niður í skriðuvænginn. Hér á eftir kemur myndaröð sem tekin var þegar grjótið hrundi niður hlíðina. Mynd 1 er tekin fyrr um daginn ofan af Óshyrnunni og niður skriðuvænginn. Myndir 2 til 10 eru tekna af hruninu sjálfu, en mynd 11 er tekin af efstu brún fjallsins þar sem líklegt er að hrunið hafi átt upptök sín.

Efri brún á Óshlíð og Ófæru liggar í um 600 m hæð. Neðri hluti fjallshlíðanna er hulin brattri skriðu en efstu 200-300 m eru nær lóðréttur hamraveggur. Fjöllin tilheyra hinni tertíeu jarðlagamyndun Íslands þar sem skiptast á misþykk hraunlög með millilögum á milli. Bergið er mjög sprungið í kleyfnistefur og er frostveðrun og frost-sprengingar mjög virkt ferli á þessum stað. Sprungumyndanir eru algengar í brúnum fjalla og geta klofnað frá þónokkuð stór stykki. Nokkrar slíkar sprungur eru fyrir á þeim stað sem hrunið átti sér stað nú. Ef bergið klofnar um þær má búast við mun meira hruni en nú varð.

Varnarnetin voru skoðuð næsta dag en ekki var að sjá að neitt teljandi tjón hafi orðið á þeim. Líklegt má telja að þeir steinar sem náðu alla leið niður í sjó hafi flogið yfir veginn. Litlar skemmdir voru á veginum sjálfum. Greinilegt er að skorningurinn fyrir ofan veginn, sem nýbúið er að breikka, tekur mikið af því grjóti sem hrynnur niður en þó fer talsvert yfir veginn.



Mynd 1. Farvegur skriðunnar. Myndin er tekin frá efstu brún fjallsins í um 600 m hæð.



Mynd 2. Fyrsta myndin sem náðist af hruninu. Megin hluti hrunsins er að koma niður úr gilinu og skellur á skriðuvænginn.



Mynd 3. Talsvert magn af grjóti komið niður á skriðuvænginn og fyrstu steinarnir komnir að skorningum.



Mynd 4. Megin hluti hrunsins komið niður á skriðuvænginn og talsvert farið að falla niður í skorninginn.



Mynd 5. Fyrstu steinarnir komnir niður í skorninginn fyrir ofan veginn.



Mynd 6. Fyrstu steinarnir farnir að falla í sjó fram.




Mynd 7. Frambrún hrunsins komin niður að netunum.



Mynd 8. Megin hluti skriðunnar komin niður, en eftir liggur rykmökkur.



Mynd 9. Síðustu steinarnir að falla í grjóthrunsnetin.



Mynd 10. Hrunið er að mestu leiti komin niður og rykmökkurinn einn stendur eftir.



Mynd 11. Sprungumyndanir í efstu brún Óshyrnu. Hrunið átti sér stað á þessum slóðum.